

stofnunarinnar frá 22. júlí 1946, sem samþykktar voru á 20. Alþjóðaheilbrigðismálafinginu 23. maí 1967.

Samkvæmt 73. gr. stofnskrárinnar taka breytingar þessar gildi, þegar $\frac{2}{3}$ aðildarþjóða stofnunarinnar hafa samþykkt þær.

24. og 25. gr. stofnskrárinnar, svo sem þeim hefur verið breytt, eru birtar sem fylgiskjal með auglýsingu þessari.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytið, Reykjavík, 19. júlí 1972.

Einar Ágústsson.

Pétur Thorsteinsson.

Fylgiskjal.

**24. og 25. gr. stofnskrár Alþjóðaheilbrigðisstofnunarinnar
með áorðnum breytingum.**

Article 24

The Board shall consist of thirty persons designated by as many Members. The Health Assembly, taking into account an equitable geographical distribution, shall elect the Members entitled to designate a person to serve on the Board. Each of these Members should appoint to the Board a person technically qualified in the field of health, who may be accompanied by alternates and advisers.

Article 25

These Members shall be elected for three years and may be re-elected, provided that of the fourteen Members elected at the first session of the Health Assembly held after the coming into force of the amendment to this Constitution increasing the membership of the Board from twenty-four to thirty the terms of two Members shall be for one year and the terms of two Members shall be for two years, as determined by lot.

AUGLÝSING

**um viðræður milli fulltrúa ríkisstjórnar Íslands og
fulltrúa landsstjórnar Færeyja.**

Dagana 15. og 16. ágúst 1972 fóru fram í Reykjavík viðræður milli fulltrúa ríkisstjórnar Íslands og fulltrúa landsstjórnar Færeyja um aðstöðu Færeyinga til línu- og handfæraveiða við Ísland.

Niðurstöður viðræðnanna eru birtar sem fylgiskjal með auglýsingu þessari.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytið, Reykjavík, 18. ágúst 1972.

Einar Ágústsson.

Pétur Thorsteinsson.

Fylgiskjal.**Viðræður milli fulltrúa ríkisstjórnar Íslands og fulltrúa
landsstjórnar Færeyja.**

Dagana 15. og 16. ágúst 1972 fóru fram í Reykjavík viðræður milli fulltrúa ríkisstjórnar Íslands og fulltrúa landsstjórnar Færeyja um aðstöðu Færeyinga til línu- og handfæraveiða við Ísland.

Niðurstaðan varð sú, að skipum, sem skrásett eru í Færeyjum, skuli heimilt að stunda línu- og handfæraveiðar á svæðinu milli 12 og 50 sjómílna innan fiskveiðilögsögu Íslands, eins og hún verður frá og með 1. september 1972, í samræmi við eftirfarandi reglur:

1. Sjávarútvegsráðuneyti Íslands skal tilkynnt um nöfn, skrásetningarnúmer og stærð þeirra skipa, sem æskja ofangreindrar heimildar, og getur þá ráðuneytið veitt veiðileyfi, er gildi í ákveðinn tíma í senn, þó að jafnaði eigi skemur en í 4 mánuði. Ráðuneytið getur afturkallað útgefin veiðileyfi einstakra skipa, ef um brot á reglum þessum verður að ræða.
2. Færeysk skip, er veiðar stunda samkvæmt framangreindu, skulu hlíta sömu reglum og íslensk skip við sams konar veiðar.

Samkomulag það, er felst í erindaskiptum frá 1. ágúst 1961, um aðstöðu Færeyinga til handfæraveiða við Ísland, skal halda gildi sínu, en í samræmi við ofangreindar reglur, og hvað snertir veiðar við Kolbeinsey skulu þær heimilar á svæðinu milli 4 og 12 mílna.

Hvor aðili um sig getur ákveðið niðurfellingu þessarar skipunar með 6 mánaða fyrirvara.

Reykjavík, 16. ágúst 1972.

Einar Ágústsson.

Lúðvík Jósepsson.

Atli P. Dam.

Eli Nolsøe.

8. september 1972.

Nr. 15.

AUGLÝSING**um samkomulag við Belgíu um heimild til veiða innan
fiskveiðilögsögu Íslands.**

Með orðsendingum dagsettum 7. september 1972 var gengið frá samkomulagi milli Íslands og Belgíu um heimild fyrir belgísk skip til takmarkaðra veiða innan fiskveiðilögsögu Íslands.

Ofangreindar orðsendingar eru birtar sem fylgiskjal með auglýsingu þessari.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytið, Reykjavík, 8. september 1972.

Einar Ágústsson.

Pétur Thorsteinsson.